



SIÐAREGLUR starfsfólks Reykjavíkurborgar

Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem öllu starfsfólki Reykjavíkurborgar ber að fylgja við störf sín.

Starfsfólki Reykjavíkurborgar ber að:

1. Gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi, án tillits til eigin hagsmuna eða persónulegra skoðana og gæta þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfsins á hverjum tíma.
2. Gæta kurteisi og réttisýni, hafa í heiðri heiðarleika og sanngirni og starfa í anda jafnréttis.
3. Sýna borgurum virðingu og umburðarlyndi og rækja störf sín af þjónustulund og ábyrgð.
4. Upplýsa borgarana um réttindi þeirra og þjónustu borgarinnar.
5. Hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnáslu í störfum sínum, gæta jafnræðis og þess að lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við meðferð og úrlausn mála.
6. Leggja sig fram um að viðhalda faglegri hæfni sinni og þekkingu í starfi og auka við hana sjálfu sér og starfseminni til hagsbóta.
7. Vinna saman af heilindum að settum markmiðum starfseminnar, sýna samstarfsfólki virðingu og virða verkaskiptingu.
8. Virða þagnarskyldu um vitneskju sem það fær í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Á starfsfólki hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnáslulaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.
9. Forðast að aðhafast nokkuð sem er því til vanvirðu eða álitshnekkis eða getur varpað rýrð á það starf eða starfsgrein er það vinnur við.
10. Gæta þess að mismuna ekki borgurum á grundvelli stjórnmálaskoðana, þjóðernis, trúarbragða, kynþáttar, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna, kyntjáningar, fötlunar eða samfélagslegrar stöðu að öðru leyti.
11. Sýna ekki af sér hegðun sem fallið getur undir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi.
12. Aðhafast ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almannafé.
13. Misnota ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum hjá Reykjavíkurborg lýkur.
14. Upplýsa um spillingu, ólögmæta eða ámælisverða háttsemi, sem það kann að verða vart við í störfum sínum.
15. Forðast hagsmunaárekstra, þar með talið vegna persónulegra tengsla í störfum sínum og vekja athygli á því ef hætta er á þeim, þ.m.t. ef breytingar verða á högum þeirra sem gætu valdið slíkum hagsmunaárekstrum.
16. Þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum, birgjum eða þeim, er leita eftir þjónustu Reykjavíkurborgar, nema um sé að ræða óverulegar gjafir og ekki sé unnt að líta á þær sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

Siðareglur þessar leysa af hólmi siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 22. október 2009 og taka þegar gildi.

Samþykkt í borgarráði 9. mars 2023.